



Proskapjálfafélag  
Íslands

**Aðalfundur  
Proskapjálfafélags Íslands  
Borgartúni 6, 105 Reykjavík  
14.maí 2009**

## Dagskrá

1. Kosnir starfsmenn fundarins
2. Formaður leggur fram skýrslu stjórnar
3. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til samþykktar og gerir grein fyrir fjárhag þess.
4. Fjárgæslumaður Minningarsjós Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur gerir grein fyrir reikningum hans.
5. Nefndir, ráð og fulltrúar félagsins gera grein fyrir störum sínum og leggja fram skýrslur.
6. Lagabreytingar
7. Kosning í stjórn, nefndir og ráð.
8. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og eins til vara.
9. Lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin.
10. Önnur mál

## Skýrsla stjórnar starfsárið 2008-2009

### Stjórn ÞÍ

Stjórn ÞÍ skipuðu : Salóme Þórisdóttir formaður, Þóroddur Þórarinnsson varaformaður, Sigríður Hilmarsdóttir ritari, Valborg Helgadóttir gjaldkeri og meðstjórnendurnir Bryndís Guðmundsdóttir, Guðlaug Valgarðsdóttir og Huldís Franksdóttir. Stjórn skipti með sér föstum verkefnum.

Salóme og Þóroddur sátu í miðstjórn BHM

Tengiliðir við nefndir og ráð:

Salóme við siðanefnd og útgáfuráð

Þóroddur við trúnaðarmannráð, kjörnefnd og fulltrúi félagsins í Þorskahjálpi

Valborg við laganefnd og í stjórn Vísindasjóðs og Kjaradeilusjóðs

Guðlaug er formaður starfsleyfisnefndar

Sigríður Rút fulltrúi félagsins í ritstjórn Netlu og undirbúningsnefnd málfings KHÍ.

Starfshlutfall á skrifstofu skiptis þannig: Formaður í fullu starfi, varaformaður og gjaldkeri í 10 % starfi. Sameiginleg þjónustuskrifstofa ÞÍ og FÍ var stofnuð í september. Starfsmaður, Birgit Raschhofer var ráðinn í 70% starfshlutfall sem skiptist jafnt á milli félaganna. Starfsmaður þjónustuskrifstofunnar sér um almenn skrifstofustörf, símsvörun, vinnu í kringum félagatal og bókhald. Mikill kostur er af því að hafa fastan starfsmann á skrifstofunni sérstaklega varðandi þætti sem snúa að svarþjónustu við félagsmenn. Bókahald ársins 2008 og endurskoðun var keypt af BJ Endurskoðunarskrifstofu ehf. og vinna við heimasíðu af Magnúsi Helga Björgvinssyni.

Stéttarfélagar eru um 530 talsins og fagaðilar 15

### Fundir.

Stjórn fundaði reglulega á þriggja vikna fresti á árinu. Stjórnarfundir voru 16 talsins.

2 almennir félagsfundir voru á árinu. Þann **2. desember** kynnti Krístrún Sigurjónsdóttir ráðstefnu sem hún sat á vegum félagsins í Noregi. Ráðstefnan fjallaði um áhrif laga um takmörkun nauðungar á líf fólks með þroskahömlun í Noregi.

Starfsdagur nefnda og ráða um stefnumótun var haldinn 21. Nóvember. Dagurinn var liður í þeirri stefnumótun sem farið hefur fram undanfarin ár og hófst með starfsdögum á Akureyri 2007. Úr niðurstöðum starfsdagsins voru unnar spurningar fyrir könnun á meðal félagsmann sem ætlað er að gefa mynd af vilja og skoðunum félagsmanna um málefni og uppbyggingu félagsins.

Vörðum leið að öflugu fag- og stéttarfélagi til framtíðar var yfirskrift starfsdaga Þroskaþjálfafélags Íslands sem haldnir voru 29. og 30. janúar. Þessa tvo daga var unnið markvisst að stefnumótun félagsins sem fag- og stéttarfélag bæði með erindum og hópavinnu. Sú vinna ásamt niðurstöðum frá starfsdegi nefnda og ráða og upplýsingum skoðanakönnunarinnar verða leiðarljós í starfsemi félagsins næstu árin.

Þann 27. mars kynntu 2 félagsmenn mastersritgerðir sínar. Vibeke Þorbjörnsdóttir sagði frá ritgerð sinni “Þróun þroskaþjálfara og starfsánægja þroskaþjálfara” og Margrét Ríkharðsdóttir sagði frá ritgerð sinni “Líf og hagir fólks með dauðblindu: Eru lífskjör þess jöfn að gæðum og lífskjör annarra þjóðfélagsþegna”. Þessir aðilar höfðu hlotið styrk úr B- hluta vísindasjóðsins og launuðu félaginu með afar fróðlegum erindum.

Fundir trúnaðarmannaráðs voru 6 talsins.

Fulltrúar nefnda og ráða gera grein fyrir störfum sínum hér á eftir.

Með starfi í nefnum og ráðum gefa félagar mikilvægan skerf til starfsemi félagsins. Þar er grasrótin og án hennar er ekkert félag. Þ.Í. hefur átt miklu láni að fagna með breiðri þátttöku félagsmanna í starfsemi félagsins. Þessum aðilum er seint fullþakkað.

### **Skoðanakannanir**

Stjórn stóð fyrir 2 skoðanakönnunum meðal félagsmanna. Sú fyrr var á viðhorfum félagsmanna til vinnustaða sinna og starfstengdra þátta sem gerð var snemma árs 2008. Seinni könnunin snýr að stefnumótun félagsins og niðurstöður hennar liggja fyrir á næstu dögum. Þess má þó geta að frumgögn úr þeirri könnun benda til að félagsmenn séu í stórum dráttum sáttir við núverandi skipulag og starfshætti félagsins. Kannanirnar voru unnar af Hildi Björk Svavarsdóttir.

Könnunin á viðhorfum félagsmanna til vinnustaða sinna og starfstengdra þátta hefur verið birt á heimasíðu félagsins. Könnunin gaf mikið af upplýsingum um skoðanir félagsmanna á starfskjörum sínum bæði faglega sem og launalega. Í þáttum sem snúa að starfskjörum voru helstu niðurstöður eftirfarandi:

- Bakgrunnur þeirra 308 þroskaþjálfara sem tóku þátt í þessari könnun sýnir að það náðist í fjölbreyttan hóp sem hafði mikla reynslu af starfinu og kom úr ólíkum störfum. Þetta eykur áreiðanleika niðurstaðna könnunarinnar. Hópurinn var sterkur að ýmsu leiti, margir höfðu lokið viðbótarnámi eða voru í námi, og sinnti ábyrgðarmiklum störfum sbr. fjölda þeirra sem báru starfsheitin yfirþroskaþjálfari eða forstöðuþroskaþjálfari.
- Þroskaþjálfarnir töldu almennt að viðhorf til starfa þeirra væri jákvætt og samskipti í starfinu gengur mjög vel.
- Þátttaka í stefnumótun og þróunarstarfi á vinnustað var mjög virk hjá þroskaþjálfunum, oftast í almennri stefnumótun.
- Langflestir voru ánægðir í starfi og töldu þverfaglega samvinnu og liðsheild vera með ágætum á vinnustað. Starfsumhverfi þroskaþjálfara virðist vera jákvætt að mestu leyti, þeir gátu haft áhrif á ákvarðanir og breytingar og sveigjanleiki varðandi vinnutíma var hjá flestum.
- Þroskaþjálfunum í könnuninni fannst að oft skorti þá tíma til að sinna því sem þeim fannst mikilvægast í starfi en voru nokkuð ánægðir með hvernig þeim tækist að samræma starfskenningu sína aðstæðum á vinnustað.
- Símenntunarþátttaka var góð þó nokkuð hafi hallað á fagtengda símenntun. Símenntun nýtist vel og voru yfirmenn jákvæðir í garð hennar.
- Aukinn skilningur á störfum þroskaþjálfara var ofar í mikilvægisröð þroskaþjálfara í skólaþjónustu en hinir hóparnir lögðu meiri áherslu á teymisvinnu og starfslýsingar.
- Þegar svör voru skoðuð eftir greiningarbreytum mátti merkja ákveðna þreytu hjá þeim sem höfðu 6-10 ára starfsreynslu. Fleiri í þeim hópi töldu skorta skilning á starfinu og viðurkenningu á vel unnu verki. Þessi hópur upplifði minni aðgang að ráðgjöf og handleiðslu í starfi og greiddi sína símenntun sjálfur í auknum mæli. Starfsmenn sem höfðu 11 ára eða lengri starfsreynslu fannst skilningur á starfi vera betri, enda hafa þeir líklega lengri samanburð en þeir sem skemur hafa unnið við fagið. Oft var töluverður munur á viðhorfum þroskaþjálfara eftir starfsvettvangi, þeir sem störfuðu í búsetu virtust í minni samskiptum við þroskaþjálfara og aðra fagaðila, tóku minni þátt í stefnumótun á vinnustað og þátttaka í símenntun var einnig minni. Þessi hópur virtist því einangraður að sumu leyti.

### **Kjaramálin**

Starfsárið hefur einkennst af kjaraumræðum, kjarasamningum og frá því í október kreppunni og öllum hennar fylgifiskum. Þegar gengið var til kjarasamninga á síðasta ári hafði félagið gott veganesti sem byggði á niðurstöðum skoðanakönnunar sem gerð var meðal félagsmanna

s.l. vor. Ætlunin var að byggja kröfugerð okkar á henni. En helstu niðurstöður kjarabátta könnunarinnar voru að:

- Ásættanleg laun voru töluvert yfir raunverulegum launum að mati þroskaþjálfanna og um 70% töldu sig hafa lakari laun en starfsmenn í sambærilegum störfum með sambærilega menntun.
- Einungis 22% voru ánægð með kjarasamning sinn og snéri óánægja aðallega að launaupphæð, ófullnægjandi starfslýsingum eða skilgreiningum á vinnutíma. Þroskaþjálfarnir voru nær allir ósáttir við hvernig persónulegir þættir voru metnir til launa.
- Bæta mætti þekkingu á þáttum sem geta haft áhrif á laun en einungis 15% voru mjög sáttir við að semja um launin sjálfir.
- Menntun, starfsreynsla og álag í starfi voru þeir þættir sem þroskaþjálfarnir voru sáttastir við að væru metnir til launa en minnst fylgni var við gildi lífaldurs í launasetningu.
- Nokkuð margir voru óákveðnir um hvort frammistöðutengdir þættir ættu að hafa vægi, sem tengja má við það hversu margir voru óánægðir með mat á persónubundnum þáttum nú þegar og óvissu með hvaða þættir teldust með þegar laun væru ákvörðuð.
- Áherslur í næstu kjarasamningum að mati þroskaþjálfanna sem tóku þátt í önnuninni ættu að vera á hækkun launa á forsendum mikillar ábyrgðar í starfi og að auðvelt væri að meta símenntun og starfsaldur til launahækkana. Margir nefndu að huga þyrfti sérstaklega að þroskaþjálfum í stjórnunarstöðum enda hlutfall þeirra í hópi svarenda nokkuð hátt. Þroskaþjálfum í skólaþjónustu var umhugað um vinnutímaskilgreiningar og litu þá helst til kennara í því sambandi.
- Fjölmargar athugasemdir bárust um kjarasamninga sem bera áhuga þroskaþjálfanna á þeim málum sterkt vitni.

Kjarasamningar ÞÍ og flestra annarra stéttarféлага við ríkið og þær stofnanir sem byggja kjör starfsmanna á kjarasamningi ríkisins voru lausir í lok apríl 2008. Þá var ljóst að blikur voru í lofti varðandi fjárhag þjóðarinnar enda höfðu kjarasamningar ASÍ og BSRB gefið sterkar vísbendingar um hvert samningsumhverfi okkar var. Samningar þeirra byggðu á flatri krónutöluhækkun og almennt var gerð krafa um stuttan samningstíma vegna óvissu í efnahagsmálum. BHM-félögin mættu í framhaldi af því stífri krónutöluafstöðu hjá ríkinu við samningaborðið, sem og sterkum þrýstingi til að setjast sameiginlega að samningum þar sem öll sérmál yrðu sett til hliðar. Aðrar óskir af hálfu ríkisins gengu út á samræmingu launataflna og breytingar á sí- og endurmenntunarkerfi háskólamanna.

Þrátt fyrir andstöðu aðildarféлага BHM var að lokum viðurkennt að krónutalan yrði ekki umflúin og hækkuðu allar tölur í launatöflu um 20.300, auk annarra þátta. Vísindasjóðir voru felldir inn í launatöflu og kveðið á um stofnun nýs sí- og endurmenntunarkerfis. Framlag í styrktarsjóð sem bauðst til samræmis við samninga við BSRB var samkvæmt ósk BHM-félaganna fellt inn í launatöflu sem hækkun grunnlauna þar sem mat manna var að styrktarsjóður stæði vel. Í samningunum voru einnig gerðar breytingar hvað varðar ávinnslu veikindaréttar og veikindi barna, auk þess sem bókun um endurhæfingarmál til samræmis við nýstofnaðan Endurhæfingarsjóð fylgdi samningunum. Gildistími samningsins var til 31. Mars 2009.

Í lok nóvember var gengið frá kjarasamningi við Reykjavíkurborg og réttum mánuði síðar við Launaneftnd sveitarféлага. Þessir samningar voru mjög í samræmi við það sem áður hafði verið samið við ríkið eins og 20.300 króna hækkun launatöflu. Samningarnir gilda út ágúst 2009. Þessir samningar báru keim af því að hafið var samráð aðila vinnumarkaðarins og af þeirri ástæðu var samþykkt rituðu svohljóðandi yfirlýsing samfara kjarasamningunum:

Þann 27. nóvember 2008 áttu fulltrúar stærstu aðila á íslenskum vinnumarkaði sameiginlegan fund til að kanna möguleika á því að ná víðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 vegna þeirra kjarasamninga sem eru til endurskoðunar eigi síðar en 15. febrúar 2009 og þeirra kjarasamninga sem renna út 2009. Aðilar þessarar yfirlýsingar eða fulltrúar þeirra áttu aðild að fundinum og er fullur vilji aðila þessarar yfirlýsingar að beita sér fyrir og taka þátt í slíkri sátt.

Náist sátt um sameiginlega niðurstöðu á almennum og opinberum vinnumarkaði, með þátttöku þeirra sem að þessari yfirlýsingu standa, þá mun sú niðurstaða gilda frá þeim tíma og með þeim breytingum sem niðurstaðan felur í sér.

Þeir sem standa að þessari yfirlýsingu munu leggja sitt af mörkum til að víðtækri sátt um launa- og kjarastefnu til ársins 2010 verði náð.

Í kjarasamningum ÞÍ við sveitarfélögin þ.m.t. Reykjavík eru ákvæði í bókunum sem m.a. lúta að samráði vegna væntanlegrar yfirfærslu á framkvæmd þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga og frekari skilgreiningu á vinnutíma þroskaþjálfra í grunnskólum.

### **Almennt um kjaraumhverfið eftir bankahrunið**

Strax á fyrstu dögum bankahrunsins kom til tals að línur yrðu lagðar í kjaramálum út árið 2010, í því augnamiði að stuðla að stöðugleika í ríkisfjármálum og horfum þeim tengdum. Ákvörðun af því tagi hefur þó ekki verið tekin enn, að öðru leyti en því að aðilar hafa lýst sig reiðubúna til samráðs og samstarfs. Þess má geta að liður 23 í samkomulagi við Alþjóða gjaldeyrissjóðinn fjallar um þjóðarsátt og heildarsýn í kjaramálum í landinu.

Í kjölfar frestunar á endurskoðun kjarasamninga SA og ASÍ, sem fara átti fram í febrúar, fram í júní hafa beinar viðræður um kjaramál legið niðri. Reyndar hefur aðkoma hins opinbera, þ.e. ríkis og sveitarfélaga, verið óljós. Í kjölfar nýafstaðinna kosninga og ríkistjórnarmyndunar er þess vænst að farið verði markvisst að ræða nýja kjarasamninga og ganga frá þeim.

### **Samskipti við sveitarfélög**

Formaður ÞÍ sótti fjármálaráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldin var áður en gengið var frá kjarasamningi við LN. Á ráðstefnunni kom fram að fjárhagslegur vandi sveitarfélaga er mjög mikill og ljóst að framtíðin er ekki björt. Þó var það mál manna sem fjölluðu um flutning þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga að ástandið ætti ekki að hafa áhrif þar á. Í því gætu falist tækifæri.

Samstarf við sveitarfélögin er að öðru leyti í gegnum samstarfnefndir aðila en þar eru einkum tekin fyrir málefni sem snúa að kjörum einstakra félagsmanna.

Samstarf við Reykjavíkurborg hefur verið talsvert frá því að nýr kjarasamningur var gerður. Það er í samræmi við bókanir kjarasamningsins. Settir hafa verið á fót samstarfshópar við Velferðarsvið og Menntasvið og enn á eftir að ganga frá hópum við Leikskólasvið og Íþrótt- og tómsundasvið.

Reykjavíkurborg boðaði niðurskurð á kjörum starfsmanna sinna snemma á árinu. Aðgerðirnar fólu í sér 10% niðurskurð á yfirvinnu þeirra starfsmanna sem voru með 300,000 kr eða meira í heildarlaun. ÞÍ mótmælti þessum aðgerðum harðlega þar sem þær höfðu ekki aðeins í för með sér skerðingu á kjörum félagsmanna heldur augljóslega líka skerðingu á þjónustu til þjónustunotenda.

Þó að hagræðing og niðurskurður hafi enn ekki bitnað á þroskaþjálfum upp til hópa og yfirvöld haldi á lofti stefnu um að standa vörð um velferðarmál og grunnþjónustu eru blikur á lofti. Sveitarfélög hafa m.a. boðað niðurskurðaraðgerðir í formi minnkaðs starfshlutfalls sem er í raun ekki annað en u.þ.b. 5% kjaraskerðing. Ýmsir vinnuveitendur hafa skert greiðslur vegna yfirvinnu, greiðslur vegna kaffitíma teknar af og akstursfé skorið niður. Allt bitnar þetta á kjörum þeirra sem fyrir verða. Enn hefur ekki orðið vart atvinnuleysis meðal þroskaþjálfra þó að vitað sé að einhverjir hafa misst stöður sínar og starfshlutfall verið skert.

## Samningur við Samtök atvinnulífsins

Í ágúst 2008 var brotið blað í sögu BHM þegar félög innan bandalagsins þ.m.t. ÞÍ undirrituðu samning við Samtök atvinnulífsins með gildistíma frá 1. október 2008.

Um er að ræða rammisamning með það að markmiði að samræma réttindi félagsmanna aðildarfélaga BHM því sem gildir um launamenn í öðrum stéttarfélögum á almennum vinnumarkaði.

Af einstökum málum sem komið hafa til afgreiðslu félagsins eru það mál sem varða ráðningakjör og réttindi félagsmanna sem þyngst vega. Félagið hefur það að markmiði sínu að standa þétt við bakið á félagmönnum sínum í samskiptum þeirra við launagreiðendur. Ýmis starfsloka og mál sem varða breytt skipulag vinnustaða hafa komið til kasta félagsins. Þar hefur komið ljós mikilvægi þess fyrir félagsmenna að eiga sterkt stéttarfélag að baki sér.

Starfmannaskrifstofa fjármálaráðuneytis f.h. fjármálaráðherra hefur undanfarna mánuði yfirfarið verkfallsheimildir stéttarfélaga. Stjórn ÞÍ hefur haldið fast í aðferðir við framkvæmd verkfalls ÞÍ árið 2001. Þar var megin reglan að allir þroskaþjálfar nema forstöðuþroskaþjálfar í búsetuþjónustu og sviðstjórar (eða sambærilegir stjórnendur) gera verkfall. Þessari framkvæmd var ekki mótmælt 2001. Allar stofnanir sem þroskaþjálfar starfa nú hjá hafa samþykkt þess framkvæmd nema svæðisskrifstofur málefna fatlaðra í Reykjavík og á Reykjanesi. Stjórnendur þar telja að allir þroskaþjálfar í sólarhringsþjónustu, þ.m.t. skammtímavistun eigi ekki að hafa verkfallsrétt. Stjórn ÞÍ hefur ítrekað við fulltrúa fjármálaráðherra að ekki verður um það að ræða af hálfu félagsins að hliðra á nokkurn hátt til reglum um framkvæmd verkfalls. Verkfallsrétturinn er ótvíræður og það er skýlaus krafa okkar að hann sé virtur.

Á árinu var gengið frá stofnanasamningi við Landssamtökin Þroskahjálp en aðrir stofnanasamningar voru ekki endurskoðaðir.

## Ýmiss mál

- ◆ Formaður þáði boð um að sitja aðalfund Sosialpedagogenes Landsforbund sem haldinn var í nóvember s.l.. Var um afar raunsnarlegt boð að ræða þar sem allur kostnaður flug og upphald var í boði Dananna.
- ◆ 3 fundir í anda *Opins húss* voru haldnir síðla vetrar. Þessir fundir voru hugsaðir sem einhvers konar uppörvun fyrir félagsmenn í skugga kreppunnar. Þó að mæting hefði mátt vera betri þá voru allir fundirnir góðir hver með sínu sniði. Sá fyrsti fjallaði um áföll og áfallahjálp, á öðrum fundinum fengum við innsýn í mikilvægi þess að hafa gaman að vinnunni og á þeim þriðja kynntust fundamenn möguleikum hláturjoga.
- ◆ Samskipti við félagsmenn utan höfuðborgarsvæðisins og möguleikar þeirra á að fylgjast með félagsfundum hafa verið eflað með útvörpun í gegnum netið. Formaður heimsótti félaga á Selfossi, Akureyri og Ísafirði og hefði viljað koma víðar við. Það verður vonandi á komandi starfsári.
- ◆ Fundur var haldinn með forstöðuþroskaþjálfum til að styðja þá í síbreytilegu starfsumhverfi sínu. Það er ljóst að miklar breytingar í starfsmannahaldi hafa átt sér stað. Í stað starfsmannaeklu og mikillar nýliðunar er framboð starfsmanna umfram eftirspurn og möguleikar á að ráða fagmenntað fólk hafa aukist. Þó er ljóst að starf forstöðuþroskaþjálfra er enn erfitt og flókið. Erna Guðmundsdóttir lögmaður BHM kom á fundinn og kynnti einelti og aðgerðir gegn því. Erindi Ernu var mjög fróðlegt og gott. Þá komu einnig fulltrúar SFR og kynntu helstu þætti sem mikilvægt er staðið sé vel að

varðandi starfsmannamál. Þar má nefna mál á borð við jákvæð samskipti, vaktatöflur og sveigjanleiki. Góðar og fróðlegar umræður og skoðanaskipti urðu á fundinum.

- ◆ Formaður ÞÍ hefur settið í nefnd á vegum Félags og tryggingamálaráðuneytis til að fjalla um réttindagæslu fatlaðs fólks. Nefndin hefur lokið störfum sínum og skilaði skýrslu til ráðherra. Beðið er viðbragða ráðherra og á meðan er innhald skýrslunnar trúnaðarmál.
- ◆ Fulltrúar félagsins voru boðaðir til fundar við stjórnvöld til að gefa álit annars vegar á fullgildingu samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks og hins vegar vegna endurskoðunar á lögum um barnavernd.
- ◆ Á aðalfundi ÞÍ 2008 var samþykkt að stjórn tilnefndi í starfshóp til að fjalla um Tilfærslu á þjónustu við fatlað fólk frá ríki til sveitarfélaga. Megin verkefni hópsins á að vera að koma á samstarfi milli félagsins og yfirvalda um faglega þætti í störfum þroskaþjálfna þannig að tilfærslan nái sem best tilgangi sínum. Stjórn skipaði þær Helgu Birnu Gunnarsdóttur, Ágústu Bragadóttur, Margrėti Lísu Steingrímsdóttur, Laufeyju Gissurardóttur og Vibeke Þorbjörnsdóttir í hópinn. Formaður hefur settið flesta fundi starfshópsins. Hópurinn er enn að störfum og vinnur að því að koma á formlegum samráðsvettvangi félagsins og sveitarfélaganna.
- ◆ Tilfærsla málefna fatlaðra til sveitarfélaga hefur að sjálfsögðu áhrif á kjaralegt umhverfi þroskaþjálfna þar sem sveitarfélög verða þá langstærsti vinnuveitandi félagsmanna. Samráðshópur um starfsmannahluta verkefnisins hefur verið skipaður. Formaður ÞÍ situr í þeim hópi ásamt fulltrúum frá SFR, BSRB, BHM, fjármálaráðuneyti, félagsmálaráðuneyti og Launanefnd sveitarfélaga. Hlutverk hópsins er að tryggja gagnkvæma upplýsingamiðlun milli verkefnisstjórnar og fulltrúa starfsmanna um stöðu verkefnisins hverju sinni og þau viðfangsefni sem framundan eru. Jafnframt að kortleggja starfskjör og réttindi þeirra starfsmanna sem tilfærsla málaflokksins nær til og fjalla um aðferðir við tilflutning starfsmanna frá ríki til sveitarfélaga.
- ◆ Dagbækur félagsins eru fastur þáttur í líf okkar. Þær hafa notið vinsælda en þó má alltaf laga og bæta. Þeirri aðferð að gefa félagsmönnum kost á að panta persónulega merktá bók var hætt. Bækurnar í ár eru smærri í sniðum en verið hefur, merktar féluginu og hafa fengið góðar viðtökur.
- ◆ Jólstyrk ÞÍ að upphæð 50.000 hlaut að þessu sinni Umsjónarfélag einhverfra. Formaður Umsjónarfélags einhverfra veitti styrknum móttöku og lýsti því yfir að hann kæmi að góðum notum í fyrirhuguðu fræðslu átaki félagsins.
- ◆ Vísindasjóður afgreiddi 303 umsóknir í A-sjóð en 299 hlutu styrk. Þrír hlutu styrki úr B- hluta sjóðsins.
- ◆ Miklar breytingar eru fyrirjáanlegar á Vísindasjóð félagsins. Helsta ástæða þess er að ekki er lengur greitt fyrir þroskaþjálfna sem starfa eftir kjarasamningi ríkisins. Eftir stendur vísindasjóður félagsmanna hjá sveitarfélögum. Umsóknir þeirra sem rétt hafa um styrk úr sjóðnum skulu berast féluginu fyrir 1. Ágúst. Úthlutað verður eigi síðar en 1. október. Upplýsingar og umsóknareyðublöð má nálgast á skrifstofu og heimsíðu félagsins [www.throska.is](http://www.throska.is)
- ◆ Í Starfsleyfisnefnd eru Guðlaug Valgeirsdóttir, Hildur Eggertsdóttir og Ingunn Rán Kristinsdóttir. Helsta verkefni nefndarinnar auk umfjöllunar um starfsleyfisumsóknir



hefur verið að ná samstarfi við Landlæknisembættið og HÍ um að skilgreina kröfur sem umsækjendur verða að uppfylla til að hljóta starfsleyfi. Umsækjendur koma víða að og hafa misjafnan menntunar bakgrunn sem oft reynist erfitt að meta sem fullnægjandi forsendur fyrir starfsleyfisveitingu

### **Menntunarmál.**

Fulltrúar félagsins áttu fund með stjórnendum Menntavísindasviðs Háskóla Íslands og Þroskaþjálfabrautarinnar til að ræða lengingu náms til starfsréttinda sem þroskaþjálfari. Stjórn ÞÍ leggur áherslu á að mikilvægt sé að finna leiðir til að starfsréttindi þroskaþjálfara verði metin á sama hátt og flest önnur starfsréttindi hér á landi. Í því sambandi er vert að benda á að starfsréttindi félagsráðgjafa er háð MA prófi og senn líður að því að kröfur til kennara verði þær sömu. Störf þroskaþjálfara eru flókin og umfangsmikil og krefjast mikillar fagþekkingar sem efast má um að sé gerlegt á 3 árum. Stjórn vinnur nú að greinargerð þar sem færð verða rök fyrir nauðsyn þess að kröfur til að hljóta starfsréttindi fullnægi ábyrgð og skyldum sem felast í starfi og starfsháttum þroskaþjálfara.

Miklar breytingar hafa átt sér í allri umgjörð þroskaþjálfanámsins. KHÍ var sameinaður HÍ s.l. sumar undir nafni HÍ. Ýmsar aðra breytingar hafa einnig átt sér stað sem fela, m.a. í sér að Þroskaþjálfara- íþrótta- og tólmstundafræði tilheyra sömu deildinni aðskildar frá kennaradeildunum. Þessi breyting á ekki að hafa áhrif á innihald náms í þroskaþjálfun. Sameining háskólanna mun eflaust hafa mikil áhrif á þróun þroskaþjálfanámsins og aldrei sem fyrr er mikilvægt að fylgjast með þróun og áhrifum sem þessar breytingar hafa í för með sér og standa vörð um þroskaþjálfanámið.

Félagmenn eru hvattir til að kynna sér og fylgjast vel með þróun menntunarmála sinna. Það er á ábyrgð hvers og eins að stunda endur- og símenntun, því þurfum við öll að fylgjast vel með og gera kröfur um að framboð náms sé í samræmi við þarfir okkar.

Í ár útskrifast um 34 manns með BA í þroskaþjálfun frá HÍ og vonandi koma þeir allir til starfa sem þroskaþjálfar og félagar í ÞÍ. ÞÍ samgladdist þeim með hófi þeim til heiðurs þann 22. apríl jafnframt sem formaður ávarpaði þá í lok málfings sem þeir stóðu fyrir 27. apríl s.l.

### **Erlent samstarf.**

Frá því að síðasta aðalfundi hafa verið 3 fundir á vegum NFFS. Vorfundur 2008 var haldinn í Nuuk á Grænlandi. Þann fund sátu Laufey Gissurardóttir og Huldís Franksdóttir. Fundurinn var einkar vel heppnaður. Fulltrúar fengu þar tækifæri til að sjá grænlenst samfélag í nærmynd um leið og grænlenkir kollegar okkar kynntust betur starfi og stafsháttum nágretta sinna.

Haustfundurinn 2008 var haldinn í Malmö. Hann sóttu Laufey Gissurardóttir og formaður. Samhliða fundinum var ráðstefna um mansal og vændi. Þessi fundur var síðasti fundurinn sem Svíarnir sáu um og þeir gáfu boltann til okkar. Stjórn samtakanna verður á vegum ÞÍ næstu 2 árin. Fyrsti fundurinn sem við stjórnunum var í Kaupmannahöfn 2. – 3. maí. Hann sátu af okkar hálfu, formaður, Huldís Franksdóttir sem stjórnaði fundinum af miklum skörungsskap og Valborg Helgadóttir. Áhersluatriði fundarins voru málefni tengd fólki með þroskahömlun auk málefna sem tengjast kreppunni sem herðir tak sitt um allan heim. Næsti fundur er fyrirhugaður hér á landi fyrstu helgina í október n.k. Á þeim fundi verður haldið áfram að undirbúa næstu sameiginlegu ráðstefnu NFFS og NSSK (félagsráðgjafar) hér á landi árið 2011 auk málefna sem hæst bera meðal stafsstéttanna.

Alþjóðaráðstefna AIEJI (International Association of Social Educators) var haldinn í Kaupmannahöfn 4. – 7. maí. Fjórir stjórnarmenn ÞÍ sátu ráðstefnuna ásamt 11 öðrum þorskaþjálfum. Alls sóttu yfir 600 manns ráðstefnuna sem þótti einkar vel heppnuð. Til að fræðast frekar um hana er fólki bent á heimasíðu samtakanna [www.aieji.net](http://www.aieji.net). Á aðalfundi samtakanna var Salóme Þórisdóttir kosin í stjórn til næstu 4 ára.

### **Bandalag háskólamanna**

Algjör umskipti urðu í stjórn BHM á aðalfundi 2008. Sú stjórn var endurkjörin á nýafstöðnum aðalfundi samtakanna. Eftirtaldir aðilar skipa stjórn BHM starfsárið 2009-2010

Guðlaug Kristjánsdóttir, formaður (SSP), Páll Halldórsson, varaformaður (FÍN), Bragi Skúlason, ritari (Fræðagarði), Jörundur Guðmundsson, gjaldkeri (FH), Salóme Þórisdóttir (ÞÍ), Ársæll Baldursson (KVH) og Vilborg Oddsdóttir (FÍ)

#### **Varamenn:**

Margrét Gunnarsdóttir (FÍF) og Bára Hildur Jóhannsdóttir (LMFÍ)

Í framhaldi af stefnumótunarvinnu undangenginna missera voru settir á laggirnar þrír stýrihópar innan BHM; um fag- og kynningarmál, kjara- og réttindamál og þjónustu og aðbúnað. Í hverjum hópi situr fulltrúi úr stjórn (formaður hópsins), tveir fulltrúar skipaðir af miðstjórn og einn lykilstarfsmaður úr starfsliði BHM. Þar að auki situr formaður BHM fundi í öllum hópunum.

Hóparnir hafa fundað misoft og misþétt í samræmi við starfshætti sem hver hópur setti sér.

### **Rekstur sjóða BHM.**

Sjóðir á vegum BHM eru Orlofssjóður BHM, Starfsmenntunarsjóður, Sjúkrasjóður og Styrktarsjóður. Um áramótin fluttust styrkir í fæðingarorlofi frá Fjölskyldu- og styrktarsjóði (FOS) til Styrktarsjóðs og hefur því síst dregið úr umsvifum í starfi sjóðanna.

Á starfsárinu var gengið frá samkomulagi um tvenns konar viðbót sem væntanleg er í sjóðaflóru bandalagsins.

Er þar annars vegar um að ræða starfsemi ráðgjafa Starfsendurhæfingarsjóðs, sem fyrirhugað er að starfi í húsnæði BHM og þjóni félagsmönnum BHM, KÍ og SSF. Samningar við Starfsendurhæfingarsjóð um ráðningu fulltrúa eru á undirbúningsstigi.

Hins vegar er um að ræða Starfsþróunarsetur háskólamanna, sem er heiti á breyttu fyrirkomulagi í sí- og endurmenntun þeirra aðildarfélaganna BHM sem gerðu sameiginlegan kjarasamning sl. sumar með bókun þar að lútandi. Fyrirhugað er að setrið verði upplýsinga- og þjónustuskrifstofa og starfi í húsnæði BHM.

### **Fjölskyldu- og styrktarsjóður BHM, BSRB og KÍ (FOS)**

Málefni FOS, þ.e. styrkir í fæðingarorlofi fluttust um áramót til styrktarsjóða BHM, BSRB og KÍ. Á sama tíma var umsóknarferli breytt og þess gætt að a.m.k. í upphafi yrði samræmi milli bandalaga í því hvernig umsóknir væru meðhöndlaðar. Í ljósi þess að ekki er lengur um tengingu við laun viðkomandi að ræða, heldur styrk upp á fasta krónutölu, var ákveðið að einfalda umsóknarferlið frá því sem áður var og gera nú eingöngu kröfu um fæðingavottorð og starfshlutfall sjóðfélaga.

### **Lífeyrissjóður starfsmanna ríkisins**

BHM á aðild að stjórn sjóðsins ásamt BSRB og Kennarasambandinu sem skipa helming stjórnarmanna en hinn helminginn skipa fulltrúar fjármálaráðherra. Fulltrúi bandalagsins í stjórninni er Páll Halldórsson.

Starfið í stjórninni lýtur að tvennu, að tryggja rétt félagsmanna til lífeyris og að fylgjast með ávöxtun sjóðsins.

Hvað fyrrnefnda atriðið varðar hafa mál sem snerta félagsmenn sem ekki fengu að greiða í sjóðinn á fyrri hluta starfsævinnar verið fyrirferðarmikil. Hér er um að ræða félagsmenn sem voru í upphafi ráðnir til ríkisins á verri ráðningarkjörum en reglur sjóðsins mæla fyrir um og var því gert að greiða í Söfnunarsjóð eða biðreikning oft með fyrirheiti um að iðgjöldin yrðu færð í LSR með bættum ráðningarkjörum. Fjármálaráðherra og fulltrúar hans í stjórn LSR hafa staðið í vegi fyrir slíkum flutningi. Nú hefur verið ákveðið að hefja sérstakar viðræður við ráðuneytið um lausn þessa máls. Um mál sem snerta lífeyrisrétt einstaklinga hefur verið fjallað í sérstakri starfsnefnd og er fulltrúi BHM þar Stefán Aðalsteinsson.

Síðasta ár var sjóðnum mjög mótdrægt í ávöxtun eigna. Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum höfðu mikil áhrif á afkomu sjóðsins á árinu 2008. Fall Glitnis, Kaupþings og Landsbankans í byrjun október hafði í för með sér afskriftir hlutabréfa og mikla niðurfærslu á skuldabréfaeign. Þá voru erlendir hlutabréfamarkaðir einnig óhagstæðir og lækkaði heimsvísitala hlutabréfa um 40,7% á árinu. Við fall bankanna þriggja tapaði lífeyrissjóðurinn þeim hlutabréfum sem hann átti á þá. Ef miðað er við markaðsvirði bréfanna eins og þau voru síðustu daga fyrir fall Glitnis þá var samanlagt tap allra deilda LSR vegna þessa 23,4 milljarðar kr. eða sem nemur 7,4% af eignum á þessum tíma. Til viðbótar má reikna með að ekkert fái upp í skuldabréf á bankana og samsvarar þá það tap sem rekja má beint til falls bankana 10,1% af eignum sjóðsins. Bankahrúnið hafði afdrifarík áhrif á mörg fyrirtæki sem höfðu gefið út skuldabréf sem LSR hafði fjárfest í. Reynt hefur verið að meta hversu mikið þetta tap er og hafa færslur á afskriftareikning verið hækkaðar um 11,9 milljarða kr. eða 3,8% af eign sjóðsins.

Þetta eignatap hefur mikil áhrif á ávöxtun sjóðsins en hrein raunávöxtun, þ.e. raunávöxtun þegar rekstrarkostnaður hefur verið dreginn frá hreinum fjárfestingartekjum, var -25,3% á árinu 2008. Frá árinu 1991 er meðaltal hreinnar raunávöxtunar 3,7% en skv. tryggingafræðilegum forsendum sem sjóðirnir eru gerðir upp samkvæmt er gert ráð fyrir að ávöxtun til langs tíma sé 3,5%.

Þetta hefur ekki áhrif á réttindi sjóðsfélaga þar sem þau eru lögbundin og gæti leitt til þess að hækka yrði framlag launagreiðenda í A-deild.

### **Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var stofnaður 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga. Fulltrúar stofnfélaga eiga sæti í stjórn sjóðsins og er Halldóra Friðjónsdóttir fulltrúi BHM. Síðastliðið haust var hún kjörin formaður og er það í fyrsta sinn sem fulltrúi bandalagsins gegnir formennsku í stjórn LSS.

Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum höfðu mikil áhrif á afkomu íslenskra lífeyrissjóða á árinu 2008. LSS fór að sjálfsögðu ekki varhluta af því og í kjölfar bankahrunsins þurfti bæði að afskrifa hlutabréf og færa niður eignir í skuldabréfum. Varfærin fjárfestingastefna og markvissar aðgerðir í eignarstýringu undanfarin misseri sem miðuðu að því að minnka áhættu drógu úr skaðanum en þessar aðgerðir fólust meðal annars í auknu vægi ríkisskuldabréfa og kerfisbundinni sölu hlutabréfa. Í drögum að ársreikningi fyrir 2008 kemur fram að nafnávöxtun ársins 2008 var 2,8% en hrein raunávöxtun á árinu er neikvæð um 11,8%. Í ljósi aðstæðna er þessi afkoma vel viðunandi og mun betri en flestra íslenskra lífeyrissjóða. Í desember var engu að síður samþykkt ný fjárfestingastefna fyrir tvær af þremur séreignarleiðum sjóðsins. Dregið var enn frekar úr vægi hlutabréfa en á móti var vægi ríkisskuldabréfa aukið.

LSS hefur frá stofnun verið í leiguhúsnæði í Vegmúla 2. Umfang starfsemi sjóðsins hefur aukist eftir því sem sjóðfélögum hefur fjölgað og má segja að sjóðurinn hafi fyrir löngu verið búinn að sprengja utan af sér húsnæðið. Í stað þess að leita að stærra leiguhúsnæði þegar leigusamningur væri laus síðar á þessu ári var ákveðið að fjárfesta í húseign fyrir sjóðinn. Í

mars var gengið frá kaupum á 480 fermetra skrifstofurými í nýlegu húsi við Sigtún 42 og mun sjóðurinn flytja starfsemi sína þangað innan skamms.

### **Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga**

Lífeyrissjóður starfsmanna sveitarfélaga (LSS) var stofnaður 1998 með samningi á milli BHM og BSRB fyrir hönd hlutaðeigandi stéttarfélaga annars vegar og hins vegar Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir hönd fjölmargra sveitarfélaga.

Erfiðleikar á innlendum og erlendum fjármálamörkuðum höfðu mikil áhrif á afkomu íslenskra lífeyrissjóða á árinu 2008. LSS fór að sjálfsögðu ekki varhluta af því og í kjölfar bankahrunsins þurfti bæði að afskrifa hlutabréf og færa niður eignir í skuldabréfum. Varfærin fjárfestingastefna og markvissar aðgerðir í eignarstýringu undanfarin misseri sem miðuðu að því að minnka áhættu drógu úr skaðanum en þessar aðgerðir fólust meðal annars í auknu vægi ríkisskuldabréfa og kerfisbundinni sölu hlutabréfa. Í drögum að ársreikningi fyrir 2008 kemur fram að nafnávöxtun ársins 2008 var 2,8% en hrein raunávöxtun á árinu er neikvæð um 11,8%. Í ljósi aðstæðna er þessi afkoma vel viðunandi og mun betri en flestra íslenskra lífeyrissjóða. Í desember var engu að síður samþykkt ný fjárfestingastefna fyrir tvær af þremur séreignarleiðum sjóðsins. Dregið var enn frekar úr vægi hlutabréfa en á móti var vægi ríkisskuldabréfa aukið.

### **Atvinnuleysisstryggingasjóður**

Eins og nafnið ber með sér greiðast atvinnuleysisbætur úr atvinnuleysisstryggingasjóði en sjóðurinn er fjármagnaður með tryggingagjaldi og vöxtum af innistæðum sjóðsins. Undanfarin ár hefur atvinnuleysi hérlendis verið mjög lítið, eða um 1%, og staða sjóðsins í samræmi við það. Frá bankahruninu síðastliðið haust hefur atvinnuleysi aukist hröðum skrefum og mældist 8,9% í mars sl. Eðlilega hafa útgjöld atvinnuleysisstryggingasjóðs því margfaldast á liðnum mánuðum og sömuleiðis hafa lög um hlutabætur á móti minnkuðu starfshlutfalli sem samþykkt voru í nóvember kallað á aukin útgjöld. Samkvæmt lögum á stjórn sjóðsins að gæta þess að hann hafi nægilegt fé til að standa við skuldbindingar sínar. Hún á jafnframt að leggja fram tillögur um fjárþörf sjóðsins til félags- og tryggingamálaráðherra og í bréfi sem stjórnin sendi ráðherra í mars sl. kom fram að verði ekkert að gert muni allt fé sjóðsins uppuríð í október. Stjórnvöld hafa ekki upplýst með hvaða hætti þau ætla að tryggja að sjóðurinn geti staðið við lögbundnar skuldbindingar.

### **Starfsendurhæfingarsjóður**

BHM gerðist aðili að Starfsendurhæfingarsjóði á árinu og á, ásamt KÍ, aðalfulltrúa og varafulltrúa í stjórn sjóðsins. Aðalfulltrúi er Guðlaug Kristjánsdóttir (BHM), en varafulltrúi (sem situr að jafnaði fundi stjórnar sjóðsins) er Eiríkur Jónsson (KÍ).

Breytt stofnsamþykkt sjóðsins var undirrituð þann 8. janúar 2009 og var nafni hans þá breytt úr Endurhæfingarsjóður í Starfsendurhæfingarsjóður.

Heimasíða sjóðsins er [www.virk.is](http://www.virk.is)

### **Lögfræðingur BHM og KÍ**

Mikil ásókn í þjónustu lögfræðings BHM og KÍ frá því sú staða var sett á. Þróunin á starfstímanum gefur helst ástæðu til að ætla að þetta álag verði viðvarandi.

Fundað var með forystu KÍ og farið yfir stöðuna, ákveðið að skerpa á umgengnisreglum félaganna við lögfræðing samtakanna enda ekki forsendur fyrir auknu starfshlutfalli eða álagsgreiðslum til að mæta aukinni eftirspurn í fjárhag samtakanna.

Mikilvægt er að standa vörð um þá góðu og mikilvægu þjónustu sem lögfræðingur bandalaganna hefur veitt, að vinnureglur séu skýrar og að farið sé eftir þeim þegar þjónustu lögfræðings er leitað.

Á vettvangi BHM situr Þóroddur Þórarinnsson í jafnréttisnefndinni BHM og Salóme Þórisdóttir í stjórn samtakanna. Formaður situr einnig í stjórn Orlofssjóðs bandalags háskólamanna sem fulltrúi BHM.

### **Starfið framundan**

Öflugt félagsstarf mun án efa einkenna ÞÍ á komandi starfsári. Þrátt fyrir ógnir sem erfitt efnahagsástand hefur í för með sér felast þar líka mörg tækifæri. Félagsmönnum fjölgar jafnt og þétt og starfsvettvangur þroskaþjálfar breiðkar að sama skapi. Þroskaþjálfar vilja öflugt félag og góða þjónustu allar kannanir benda til þess. Starfsemi næsta árs mun hér eftir sem hingað til einkennast af því að halda uppi hefðbundnu starfi sem og að leggja áherslu á ný verkefni stéttinni til framdráttar.

Kjara og réttindamál verða án efa fyrirferðarmikil. Kjarasamningar við ríkið hafa verið lausir frá því í lok mars og samningar við Reykjavíkurborg og Launanevnd sveitarfélaga renna út í lok ágúst. Því er ekki að leyna mikil óvissa hvílir yfir ollu sem snýr að kjaramálum. Félagið mun hér eftir sem hingað til berjast ötullega fyrir kjörum félagsmanna sinna.

Á árinu verður haldið áfram að vinna úr niðurstöðum stefnumótunarvinnunnar sem verið hefur í gangi s.l. 2 ár. Lokahnykkurinn verður endurskoðun og rýni á stjórnun og rekstri félagsins.

Stjórnvöld boða grundvallar breytingar á skipulagi þjónustu við fatlað fólk með því að flytja málaflokkinn frá ríki til sveitarfélaga. Þar verður stigið jákvætt skref til bættrar þjónustu en það er að mörgu að hyggja. Starfs- og kjaraumhverfi ríkisstarfsmanna er annað en þeirra sem starfa á vegum sveitarfélaga. Félagið mun standa vörð um að réttindi og kjör félagsmanna jafnframt að taka faglegan þátt í breytingaferlinu. Í þessu tilefni er vert að taka fram að formaður situr í nefnd á vegum félagsmálaráðuneytisins um starfsmannabátt tilfærslu málefna fatlaðra til sveitarfélaga. Þroskaþjálfar eru langfjölmennasta háskólamenntaða fagstéttin sem þessi tilfærsla snertir.

Huga verður að útgáfumálum félagsins. Það er mikilvægt en um leið umfangsmikið verk að gefa út fagtímarit. Lögð verður áherslu á að finna útgáfu *Þroskaþjálfans* góðan farveg.

Fræðslu- og menntamálum verður áfram sinnt af fagráði. Fulltrúar fagráðs hafa í mörg horn að líta og ljóst að leggja verður áherslu á að styðja það starf enn frekar.

Erlent samstarf verður umfangsmikið þar sem umsjón og stjórnun norrænu samtakanna er á höndum ÞÍ auk þess sem formaður situr í stjórn AIEJI. Samstarf við Félagsráðgjafafélag Íslands verður talsvert.

Á vettvangi BHM verður áfram unnið að sameiginlegum kjara og starfsréttindamálum. Félagið okkar hefur vaxið ört undanfarin ár og erum við nú orðin fleiri en 500. ÞÍ er alls ekki lítið stéttarfélag heldur öflugt fag- og stéttarfélag meðal BHM félaga.

Við gerð starfs- og fjárhagsáætlana er leitast við að skipuleggja og halda uppi öflugum félagsstarfi á sem hagkvæmasta hátt. Það er hins vegar ljóst að með aukinni starfsemi, sérstaklega í tengslum við kjarasamninga og rekstur skrifstofu hafa útgjöld aukist, þó ekki umfram tekjur og er fjárhagur félagsins góður. Það þó ljóst að framundan eru óvissutímar. Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að tekjur aukist ekki og að sama skapi er reynt að halda rekstrarkostnaði stöðugum. Álag á skrifstofuna hefur aukist undanfarið einkum vegna

ráðgjafar til félaga sem eru að verða fyrir kjaraskerðingu. Fastur starfsmaður á skrifstofu mun auka öryggi félagsmanna.

Nú að loknum þessum aðalfundi verða umtalsverðar breytingar á stjórn félagsins sérstaklega þar sem Þóroddur Þórarinsson varaformaður hefur ákveðið að draga sig í hlé. Þóroddur hefur staðið mér við hlið í 5 ár af þeim 7 sem ég hef verið formaður. Samstaf við hann hefur alla tíð verið einstaklega farsælt og gott. Ég treysti því að félagið fái að njóta krafta Þórodds áfram um mörg ókomin ár.

Að lokum er öllum þeim sem takið hafa þátt í starfi félagsins færðar kærar þakkir.

Reykjavík 13.5.2009

Fyrir hönd stjórnar Þroskaþjálfafélags Íslands,

---

Salóme Þórisdóttir, formaður

## Skýrsla gjaldkera starfsárið 2008

Störf gjaldkera hafa verið hefðbundin á árinu. Auk reglulegs samráðs við formann um rekstur félagsins og starfsemi tengdri Vísindasjóð Þí eru helstu verkefni samstarf við bókkara og endurskoðanda félagsins.

Fjárhagsáætlun fyrir árið 2008 skilaði rekstarhagnaði félagsjóðs upp á kr. 4.268.866 fyrir fjármagnsliði.- Gert hafði verið ráð fyrir hagnaði upp á 1.500.000.- Breyting varð á félagsgjöldum en frá 1. okt. urðu þau 1,5% af dagvinnulaunum í staðin fyrir 1,5% af heildarlaunum.

Fjárfestingastefna félagsins sem byggði á tryggum fjárfestingum í öruggum innistæðureikningum forðaði félaginu frá því að tapa einhverjum fjármunum við fjármálahrunið s.l haust.

Störf gjaldkera eru:

- Umsjón með öllum reikningum félagsins.
- Greiðsla reikninga.
- Vinna með endurskoðanda við endurskoðun og ársuppgjör.
- Launaútreikningar og launagreiðslur
- Ákvarðanir um fjármál félagsins, veita ráðgjöf og aðhald.
- Gerð fjárhagsáætlunar.
- Gjaldkeri er einnig gjaldkeri verkfalls- og vísindasjóðs félagsins.

Valborg Helgadóttir  
Gjaldker

## Rekstrarreikningur ársins 2008, félagssjóður

	2008	2007
<b>Rekstrartekjur:</b>		
Stéttarfélagsgjöld.....	25.933.214	24.665.601
Hlutdeild í rekstri Húsfélags BHM sf.....	(117.149)	10.534
Aðrar tekjur.....	<u>110.000</u>	<u>120.000</u>
	<u>25.926.065</u>	<u>24.796.135</u>
<b>Rekstrargjöld:</b>		
Laun og tengd gjöld.....	2 11.405.330	9.320.073
Húsnæðiskostnaður.....	3 1.455.826	1.557.641
Annar kostnaður.....	4 <u>8.796.043</u>	<u>7.499.171</u>
	<u>21.657.199</u>	<u>18.376.885</u>
<b>Rekstrarhagnaður fyrir fjármagns- og fjármunaliði.....</b>	<u>4.268.866</u>	<u>6.419.250</u>
<b>Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld:</b>		
Vaxtatekjur.....	4.411.171	1.527.512
Vextir og bankakostnaður.....	<u>(2.210.097)</u>	<u>(1.389.756)</u>
	<u>2.201.074</u>	<u>137.756</u>
<b>Rekstrarhagnaður ársins.....</b>	<u><u>6.469.940</u></u>	<u><u>6.557.006</u></u>

## Skýringar og sundurliðanir

### 1. Reikningsskilaaðferðir.

Sömu reikningsskilaaðferðum er fylgt og árið áður.

	2008	2007
<b>2. Laun og tengd gjöld.</b>		
Launagreiðslur.....	9.539.731	7.715.039
Launatengd gjöld.....	<u>1.865.599</u>	<u>1.605.034</u>
	<u>11.405.330</u>	<u>9.320.073</u>
<b>3. Húsnæðiskostnaður.</b>		
Húsbúnaður.....		165.917
Húsnæði Borgartún 6.....	1.455.826	1.391.724
	<u>1.455.826</u>	<u>1.557.641</u>
<b>3. Annar kostnaður</b>		
Ferðakostnaður utanlands.....	714.714	399.552
Bílastyrkir.....	96.300	96.300
Námskeið.....	35.800	51.900
Veitingar og gestamóttaka.....	352.601	118.866
Fundir og ráðstefnur innanlands.....	50.995	750.691
Ráð og nefndir.....	1.963.998	397.035
Póstur og sími.....	247.589	199.363
Ritföng, prentun, auglýsingar, tölvukostnaður.....	1.908.951	1.365.234
Sérfræðiaðstoð.....	410.651	476.356
Minningarsjóður Guðnýjar.....	80.000	170.000
Félagsgjöld BHM.....	2.246.069	2.788.664
Félagsgjöld önnur og styrkir.....	567.383	588.737
Annar kostnaður.....	<u>120.992</u>	<u>96.473</u>
	<u>8.796.043</u>	<u>7.499.171</u>
<b>3. Eigið fé.</b>		
Frá fyrra tímabili.....	<u>20.417.767</u>	<u>13.860.761</u>
Rekstrarhagnaður.....	<u>6.469.940</u>	<u>6.557.006</u>



## Vísindasjóður

<b>Rekstur árið 2008.</b>	2008	2007
<b>Tekjur:</b>		
Vísindasjóðsframlög.....	24.528.773	21.636.552
Vaxtatekjur.....	<u>3.904.415</u>	<u>1.602.978</u>
	<u>28.433.188</u>	<u>23.239.530</u>
<b>Gjöld:</b>		
Vísindastyrkir.....	17.536.514	18.934.093
Vísindastyrkir úr B hluta.....	1.106.500	
Kostnaður vegna úthlutunar o.fl.....	<u>82.083</u>	<u>252.255</u>
Fjármagnstekjuskattur.....	<u>390.440</u>	<u>160.297</u>
	<u>19.115.537</u>	<u>19.346.645</u>
	=====	=====
<b>Rekstrarhagnaður ársins.....</b>	9.317.651	3.892.885
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2008.</b>		
<b>Eignir:</b>		
Félagssjóður.....		653.763
Bankareikningar.....	22.951.484	12.980.070
	<u>22.951.484</u>	<u>13.633.833</u>
<b>Eigið fé:</b>		
Frá fyrra ári.....	13.633.833	9.740.948
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>9.317.651</u>	<u>3.892.885</u>
	<u>22.951.484</u>	<u>13.633.833</u>
	=====	=====

## Vinnudeilusjóður

---

<b>Rekstur árið 2008.</b>	2008	2007
<b>Tekjur:</b>		
Vaxtatekjur.....	<u>3.460.818</u>	<u>1.626.166</u>
<b>Gjöld:</b>		
Bankakostnaður og fjármagnstekjuskattur.....	<u>130.647</u>	<u>139.707</u>
	<u>130.647</u>	<u>139.707</u>
<b>Rekstrarhagnaður ársins.....</b>	<u><u>3.330.171</u></u>	<u><u>1.486.459</u></u>
<b>Efnahagsreikningur 31. desember 2008.</b>		
<b>Eignir:</b>		
Félagssjóður, lán vegna Húsfélags BHM sf.....	10.768.584	10.194.210
Félagssjóður .....	53.433	
Bankareikningar.....	<u>6.935.793</u>	<u>4.233.429</u>
	<u><u>17.757.810</u></u>	<u><u>14.427.639</u></u>
<b>Eigið fé:</b>		
Frá fyrra ári.....	14.427.639	12.941.180
Rekstrarhagnaður ársins.....	<u>3.330.171</u>	<u>1.486.459</u>
	<u><u>17.757.810</u></u>	<u><u>14.427.639</u></u>

## Skýrsla Trúnaðarmannaráðs 2008-2009.

Í trúnaðarmannaráði sitja 25 trúnaðarmenn auk stjórnar samtals 32 aðilar.

Á starfsárinu voru 6 trúnaðarmannafundir. Auk þess hefur trúnaðarmönnum boðist að sækja trúnaðarmannanámskeið hjá BHM og hafa nokkrir nýtt sér það.

Fundir fram að áramótum miðuðust við samningaviðræður sem voru yfirvofandi það er samninga við Reykjavíkurborg og við LS.

Eftir áramót voru umræður um kreppu og afleiðingar hennar á trúnaðarmannafundum, Uppsagnir og skerðingar á þjónustu og hlutverk okkar að standa vörð um þjónustuna.

Einnig hvernig við gætum staðið betur saman sem stétt. Það var til þess að trúnaðarmenn stóðu fyrir opnu húsi á vorönninni. Opið hús var 3 x á vegum trúnaðarmanna og málin rædd og sitthvað gert til að létta lund.

Trúnaðarmenn skiptu sér í hópa og eru að skoða það sem að helst var rætt á starfsdegi þroskaþjálfara. Einn hópur er að skoða landshlutadeildir, hvort við eigum að stofna landshlutadeildir og ef já þá hvernig uppbygging þeirra ætti að vera og hvaða hlutverk þær hefðu. Annar hópur er að skoða tæknimálin, þá meðal annars hvort að eigi að búa til lokaðan hóp fyrir þroskaþjálfara á facebook og hvernig megi gera umræðusvæðið á heimasíðunni aðgengilegra. Sú vinna er í gangi. Þriðji hópurinn fjallar um starf trúnaðarmanna og hvernig þeir geta orðið meira sýnilegri fyrir þroskaþjálfara út á vettvangi. Þessi vinna ætti að klárast á næsta trúnaðarmannafundi núna um mánaðarmótin.

Um leið og ég þakka trúnaðarmönnum samstarfið vonast ég til að sem flestir þeirra muni gefa kost á sér til endurkjörs í haust.

Þóroddur Þórarinsson

## SKÝRSLA LAGANEFNDAR 2008-2009

Laganefnd hefur hist reglulega í vetur. Fyrsti fundur nefndarinnar í haust var haldinn með fulltrúa frá stjórn, Valborgu Helgadóttur. Unnið var á starfsdegi nefnda og ráða að undirbúningi starfsdaga. Á starfsdögum kom fram vilji félagsmanna um að endurskoða boðunarleiðir á aðalfund og mun sú tillaga verða borin fram undir liðnum lagabreytingar. Einnig kom fram vilji félagsmanna til að breyta fyrirkomulagi á dagskrárliðum aðalfundar. Í nefndinni eru: Ástríður Erlendsdóttir, Ellen Jónsdóttir, Eyrún Magnúsdóttir, Guðný Sigurjónsdóttir og Ragnildur Sigurðardóttir. Ellen hefur lokið setu í nefndinni og kunnum við henni bestu þakkir fyrir hennar störf. Nýir fulltrúar eru boðnir velkomnir.

Með kveðju f.h. laganefndar  
Eyrún Magnúsdóttir

## Skýrsla fagráðs ÞÍ starfsárið 2008 – 2009

Fulltrúar Þroskaþjálfafélags Íslands í fagráði voru:

Valdís Erlendsdóttir formaður  
Ósk Unnarsdóttir ritari

Rún Halldórsdóttir  
Helga Birna Gunnarsdóttir  
Bjargey Una Hinriksdóttir  
Bryndís Guðmundsdóttir tengiliður stjórnar

*Hlutverk fagráðs er skilgreint í lögum ÞÍ 11. grein en þar segir að hlutverk ráðsins er að vinna að menntamálum þroskaþjálfara, sjá um fræðslufundi og fylgjast með þróun og nýjungum í starfinu og kynna þær félagsmönnum.*

Fagráð hélt 12 fundi á tímabilinu. Stærstur hluti þeirra fór í undirbúning starfsdaga eða 6 talsins. Bæði fagráð og stjórn unnu að undirbúningi starfsdaga. Salóme Þórisdóttir formaður ÞÍ sat 3 fundi með fagráði og Þóroddur Þórarinnsson varaformaður og Ragnheiður Eiríksdóttir nýsköpunar- og þróunarstjóri BHM sátu einnig fund með fagráði vegna undirbúnings fyrir hópavinnu á starfsdögum.

Auk þessa voru 2 fundir sem fóru í niðurstöðuvinnu eftir starfsdaga og er þeirri vinnu ekki lokið endanlega.

**2. desember var haldinn félagsfundur á Grand Hótel.** Þar kynnti Krístrún Sigurjónsdóttir ráðstefnu sem hún fór á í Noregi 2.-3. júní 2008 um hvaða áhrif lög um takmörkun nauðungar á líf fólks með þroskahömlun í Noregi höfðu. Um 70 þroskaþjálfar sóttu fundinn.

### **Vörðum leið að öflugum fag- og stéttarfélagi til framtíðar var yfirskrift starfsdaga Þroskaþjálfafélags Íslands sem haldnir voru 29. og 30. janúar.**

Þessa tvo daga var unnið markvisst að stefnumótun félagsins sem fag- og stéttarfélag bæði með erindum og hópavinnu.

Dagskráin hófst eftir hádegi á fimmtudag og voru fjögur erindi flutt þann dag. Jóhann Björnsson heimspekingur flutti erindi sem bar yfirskriftina “Heimspekilegir þroskaþjálfar. Hvað er nú það?”. Jóhann kom meðal annars inn á mikilvægi þess að efla faglegan þroska, rýna til gagns og spyrja sig spurninga um það sem þeir eru að gera hverju sinni.

Halldóra Kolka B. Ísberg og Ása Rún Ingimarsdóttir þroskaþjálfanemar fjölluðu um “Sýn þroskaþjálfanema á félagið”. Þær töldu lítil tengsl vera milli skóla og félagsins og að efla þurfi aðgang þroskaþjálfanema að félaginu.

Arnheiður Jónsdóttir þroskaþjálfari hélt erindi sem bar yfirskriftina “Gildi stéttarfélagsins fyrir þroskaþjálfara á landsbyggðinni”. Hjá henni kom fram að þroskaþjálfar er starfa á landsbyggðinni skorti faglegan stuðning þar sem þeir eru oft eini þroskaþjálfinn á stóru svæði. Að hennar mati getur heimasíðan, fjarfundabúnaður og önnur tækni orðið stoð í faglegu starfi. Síðasta erindi dagsins hélt Salvör Gissurardóttir lektor í upplýsingatækni við menntavísindasvið HÍ, “Félagsnet og netheimar”. Hún rakti mikilvægi tækninnar í þágu stéttarinnar og möguleika á innbyrðis samskiptum í dreifðum byggðum landsins. Á föstudagsmorgni hófst dagskráin með erindinu “Leiðir að lausnum – er hann til þessi kassi?”. Ragnheiður Eiríksdóttir nýsköpunar- og þróunarstjóri BHM leiddi okkur þar í gegnum aðferðir til að nálgast efni út frá ólíkum sjónarhornum og hvað er hægt að hafa í huga þegar farið er í hugmyndavinnu sem var gott veganesti fyrir hópavinnuna.

Þátttakendum var skipt í 8 hópa sem unnu að eftirfarandi þremur verkefnum:

1. Almenn virkni félagsmanna og þátttaka þeirra.
2. Ímynd félagsins, hvaða leiðir á félagið að fara til að bæta ímynd félagsins? Hvernig á félagið að vinna að hlutverki sínu sem hagsmunagæsluáðilar?
3. Upplýsingamiðlun og útgáfa: tækifæri, markmið og leiðir. Hvaða tækni eigum við að nýta okkur og með hvaða hætti til að styrkja félagið?

**27. mars var haldinn félagsfundur í Borgartúni 6.** Kynntar voru 2 mastersritgerðir þroskaþjálfara sem fengu styrk frá ÞÍ. Vibeke Þorbjörnsdóttir sagði frá ritgerð sinni “Þróun þroskaþjálfara og starfsánægja þroskaþjálfara” og Margrét Ríkharðsdóttir sagði frá ritgerð sinni “Líf og hagir fólks með daufblindu: Eru lífskjör þess jöfn að gæðum og lífskjör annarra þjóðfélagsþegna”. Um 30 þroskaþjálfar mættu. Sent var út um fjarskiptabúnað af fundinum.

Fagráð vann að gerð ítarlegra verklagsreglna fyrir ráðið. Vinnu var ekki lokið fyrir aðalfund í maí 2009 en hún var vel á veg komin og verður kláruð í upphafi næsta starfsárs.

5. maí 2009

F.h. fagráðs  
Ósk Unnarsdóttir ritari

## Skýrsla kjörnefndar 2008 – 2009

Kjörnefnd 2008– 2009 skipuðu:

Dóra Ingimarsdóttir, Hanna B. Hreiðarsdóttir, Herdís Hersteinsdóttir, Hrafnhildur Lára Þórðardóttir og Jenný Magnúsdóttir.

Nefndin fundaði 5 sinnum á tímabilinu auk þess að nýta sér tölvupósta og símtöl til að sinna verkefnum nefndarinnar, það er að leita eftir framboðum í stjórn, nefndir, og ráð á vegum félagsins fyrir næsta kjörtímabil.

Sjö þroskaþjálfar gáfu ekki kost á sér til áframhaldandi starfa fyrir ÞÍ en þeir voru átta í fyrra. Einn af þremur sem höfðu lokið tímabili sínu í stjórn félagsins gaf ekki kost á sér áfram og annar býður sig fram til varaformanns. Einn gaf ekki kost á sér áfram til starfa í útgáfuráði en því til viðbótar þurfti að leyta eftir tveimur þroskaþjálfum í útgáfuráð þar sem einungis þrír störfuðu fyrir það í vetur. Tveir sögðu af sér í fagráði og einn í laganefnd. Þrír meðlimir kjörnefndar gáfu kost á sér til áframhaldandi starfa í nefndinni en það gerðu einnig allir þrír skoðunarmenn reikninga.

Ágætlega gekk að manna þau nefndarsæti sem laus voru og ánægjulegt hversu vel var tekið í það að starfa fyrir félagið.

Kjörnefnd vill benda félagsmönnum á ágæti þess að þeir sýni frumkvæði þegar þeir hafa hug á að starfa fyrir félagið og minnir því á heimasíðu félagsins, en þar geta þeir haft beint samband við kjörnefnd.

Í lokin vill kjörnefnd bjóða væntanlega stjórnar- og ráða- og nefndarmenn velkomna til starfa og þakka þeim sem láta af störfum.

Kjörnefnd ÞÍ.

## Skýrsla útgáfuráðs 2008 - 2009

Á þessu starfsári hefur ekki verið gefið út blað á vegum útgáfuráðs og er það alls ekki nógu góð frammistaða. En það er margt sem kemur þar til. Útgáfuráð vill gefa á því einhverjar skýringar og um leið leggja fram hugmyndir sem mættu verða til að auka líkur á að betur gangi næsta vetur.

Útgáfuráð sem lauk störfum vorið 2008 gerði það að tillögu sinni að ráðinn yrði ritstjóri til að stýra útgáfu Þroskaþjálfans. Nokkur endurnýjun varð í ráðinu vorið 2008 og meðlimir útgáfuráðs höfðu ekki upplýsingar hver um annan. Þær upplýsingar lágu ekki fyrir á heimasíðu

félagsins fyrr en í nóvember. Þrátt fyrir það hafa þrír meðlimir ráðsins verið í sambandi hver við annan, fundað eftir getu og rætt útgáfumál. Það hefur þó verið fremur flókið þar sem einn er búsettur í Garðabæ, annar í Borgarnesi og sá þriðji í Skagafirði. Formaður var valin Rósa Eiríksdóttir.

Stjórn Þroskaþjálfafélags Íslands hefur aldrei kallað útgáfuráð á fund á starfsárinu. Í mars áttu tveir nefndarmanna fund með formanni Þ.Í og var niðurstaða þess fundar að útgáfuráð setti fram tillögu um starfssvið ritstjóra Þroskaþjálfans og reyndi að finna ritstjóra.

Í framhaldi af því hafði útgáfuráð samband við nokkur önnur félög háskólamenntaðra fagstétta og leitaði eftir upplýsingum um hvernig þeirra útgáfumálum væri háttað. Eftir þá athugun setur ráðið fram eftirfarandi tillögu:

Tillaga útgáfuráðs:

*Að ráðinn verði ritstjóri til að koma útgáfumálum félagsins aftur af stað. Sem launað starf verði það þó tímabundið og endurmetið eftir 2 ár.*

*Við leggjum til að formaður útgáfuráðs taki að sér starf ritstjóra.*

*Ekki er gert ráð fyrir að unnið verði að söfnun auglýsinga í fyrsta blað sem kemur út eftir það hlé sem verið hefur. Fyrst þarf útgáfa okkar að verða aftur þess virði að hægt sé að leita eftir auglýsingum.*

*Starfssvið ritstjóra verði:*

- ◆ *Að hafa samband við þroskaþjálfva vegna greinaskrifa, hann sjái einnig um að fylgja málinu eftir.*
- ◆ *Að finna fólk til að ritrýna greinar.*
- ◆ *Að taka viðtal/viðtöl og búa þau til birtingar í Þroskaþjálfanum.*
- ◆ *Að leita eftir erlendu efni sem myndi henta til birtingar í Þroskaþjálfanum og þýði eða leiti eftir þýðanda. Fáí leyfi höfundar til þýðingar og birtingar.*
- ◆ *Ritstjóri sér um að kalla saman fundi útgáfuráðs og sér um samskipti við stjórn ÞÍ.*
- ◆ *Ritstjóri sér um samskipti við prentsmiðjur og aðra vegna prentunar blaðsins.*

*Starf útgáfuráðs verði eftir sem áður að leggja línur varðandi efni í blaðið og útlit þess. Meðlimir útgáfuráðs lesa greinar m.t.t. frágangs og efnis. Útgáfuráð tekur ákvarðanir varðandi blaðið.*

## **Skýrsla siðanefndar starfsárið 2008-2009**

Siðanefnd hefur fundað 10 sinnum frá síðasta aðalfundi fyrir utan símtöl og tölvupósta og vinnu á milli funda.

Eitt erindi barst nefndinni á þessu starfsári sem hefur verið afgreitt.

Hrefna Þórarinsdóttir sem hafði setið í siðanefnd í 9 ár lét af störfum í nefndinni og viljum við nota tækifærið og þakka henni fyrir gott og ánægjulegt samstarf. Við tók Anna Lilja Magnúsdóttir.

Siðanefnd Iðjuþjálfva efndi til fundar síðast liðið vor með siðanefndum nokkurra fagfélaga. Yfirheitið var Starf siðanefnda í fagfélögum. Þar voru fyrirlestrar og kynningar á starfi þessarra siðanefnda og umræður sem voru mjög gagnlegar.

Siðanefnd ÞÍ óskaði eftir umræðu með Landlæknisembættinu er varðar sviptingu réttinda til að starfa sem þroskaþjálfvi hér á landi vegna brota í starfi. Vangaveltur voru um útfærslur og reglur er varðar brot í starfi hjá þroskaþjálfum og framkvæmd sviptingar.

Siðanefnd Þroskaþjálfafélags Íslands

Anna Lilja Magnúsdóttir  
Árni Már Björnsson  
Gestný K. Kolbeinsdóttir

## **Minningarsjóður Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur**

Sjóðurinn var stofnaður 25.maí 1983 til minningar um Guðnýju Ellu Sigurðardóttur yfirkennara Þroskaþjálfaskóla Íslands. Fjölskylda Guðnýjar Ellu vann að því að stofnaður yrði sjóður í minningu hennar til að styrkja þroskaþjálfu til frekara náms í þroskaþjálfun. Guðný Ella bar hag þroskaþjálfu fyrir brjósti og vildi efla menntun stéttarinnar. Hún hafði mikinn skilning á því að góð menntun þroskaþjálfu skilaði sér í bættri þjálfun og umönnun fatlaðra.

Stofnendur Minningarsjóðsins og þeir aðilar sem lögðu til stofnfé sjóðsins voru kennarar, nemendur og skólustjórn Þroskaþjálfaskóla Íslands, fjölskylda og vinir Guðnýjar Ellu og Þroskaþjálfafélag Íslands.

Tekjur sjóðsins er arður af eignum hans, gjafir og áheit er honum berast svo og af sölu minningarkorta.

Þroskaþjálfafélag Íslands hefur haft með vörslu sjóðsins að gera frá 1992.

Tilgangur Minningarsjóðs Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur er að styrkja til framhaldsnáms nemendur er lokið hafa námi við þroskaþjálfaskóla Íslands eða þroskaþjálfaskor Kennaraháskóla Íslands. Í stofnskrá minningarsjóðsins segir “ við styrkveitinguna skal hafa það sjónarmið að veita ekki fleiri styrki sem svo að þeir komi styrkþegum að verulegum notum.

Samkvæmt skipulagsskrá sjóðsins frá 8.október 1999 þá eru þrír félagar ÞÍ í sjóðsstjórn, einn frá fjölskyldu Guðnýjar Ellu og einn fulltrúi KHÍ.

Fulltrúar ÞÍ í sjóðsstjórn eru þroskaþjálfarnir Birna Björnsdóttir, Sólveig Theódórsdóttir og Sigríður Kristjánsdóttir sem jafnframt er vörsluaðili sjóðsins og stjórnarformaður. Aðrir meðstjórnendur eru Vilborg Jóhannsdóttir lektor og forstöðumaður við þroskaþjálfabraut KHÍ og Örnólfur Thorlacius sem er fulltrúi fjölskyldu Guðnýjar Ellu. Núverandi sjóðsstjórn hefur starfað saman til nokkurra ára.

### ***Umsóknir / Úthlutanir;***

Frá vorinu 2006 hefur verið veittur styrkur eða verðlaun vegna úrvals lokaverkefnis í þroskaþjálfanámi úr sjóðnum. Verðlaunin hafa verið veitt við brautskráningarathöfn frá KHÍ. Við útskrift 2008 hlutu þroskaþjálfarnir Árni Viðar Þórarinnsson og Helga Elísabet Guðlaugsdóttir styrkinn. Að ósk minningarsjóðsins hefur rektor KHÍ skipað hóp sérfræðinga til að meta lokaverkefni. Vilborg Jóhannsdóttir, Hrönn Kristjánsdóttir, Halldór Gunnarsson og Amalía Björnsdóttir tilnefndu styrkþega árið 2008. Sjóðsstjórnin kemur hvergi þar að nema varðandi ákvarðanir um upphæð og fjölda verkefna. Sami háttur verður hafður á árið 2009 og er verið að skipa í sérfræðingahópinn um þessar mundir.

Stjórn sjóðsins telur að með þessum hætti takist að vekja aukna athygli á tilvist sjóðsins og jafnframt vekja athygli á afburðarverkefnum kandiata af þroskaþjálfabraut og þar með vekja athygli á fagstétt þroskaþjálfu og málefnum fatlaðra.

Sjóðnum bærust engar umsóknir.

Fyrir hönd minningarsjóðs Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur og Þroskaþjálfafélags Íslands,

Hafnarfjörður 12. maí 2008.  
Sigríður Kristjánsdóttir





## Skýrsla Vísindasjóðs 2008-2009

Í stjórn Vísindasjóðs sitja: Valborg Helgadóttir gjaldkeri, Þórunn Halldórsdóttir ritari, Ragnheiður Elín Ragnarsdóttir, Sigurður Sigurðsson og Guðbjörg Björnsdóttir formaður. Fundir á árinu voru tveir vegna úthlutunar úr A-sjóðnum og þrír vegna afgreiðslu umsókna í B-sjóðinn.

Fyrir árið 2008 bárust 303 umsóknir í A - hluta sjóðsins og voru úthlutanir 299. Upphæðin sem var til úthlutunar úr A-hlutanum var kr. 17.447.813 og skiptist jafnt á milli umsækjenda (greitt eftir vinnu %).

Þrjár umsóknir bárust í B- hluta sjóðsins, þær voru allar lánshæfar og fengu allir umsækjendur úthlutun.

Guðbjörg Björnsdóttir.

### Lagabreytingar

#### Lagt er til að eftirfarandi breytingar verði gerðar á lögum félagsins

##### IV. Kafli

##### Aðalfundur

##### 7. gr. Er svo hljóðandi

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1.apríl til maíloka ár hvert. Stjórn skal boða aðalfund bréflaga með dagskrá með minnst þriggja vikna fyrirvara miðað við póstlagningu fundarboða. Einnig skal auglýsa fundinn í minnst tveimur fjölmiðlum. Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

##### Lagt er til að 7.gr verði svohljóðandi:

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda á tímabilinu 1.apríl til maíloka ár hvert. Stjórn skal boða aðalfund bréflaga með dagskrá með minnst þriggja vikna fyrirvara miðað við póstlagningu fundarboða. *Einnig skal auglýsa fundinn á heimasíðu félagsins og að minnsta kosti í einum öðrum fjölmiðli.* Aðalfundur er lögmætur ef löglega er til hans boðað. Afl atkvæða ræður á aðalfundi, sbr. VIII (áttunda) kafla félagslaganna. Aðalfundi er heimilt að vísa málum til allsherjar atkvæðagreiðslu.

##### 8. gr. er svo hljóðandi

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) kosnir starfsmenn fundarinnar
- b) formaður leggur fram skýrslu stjórnar
- c) gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) fjárgæslumaður Minningarsjóðs Guðnýjar Ellu Sigurðardóttur gerir grein fyrir reikningum hans
- e) nefndir, deildir og ráð og fulltrúar félagsins gera grein fyrir störfum sínum og leggja fram skýrslur
- f) lagabreytingar
- g) kosning í stjórn, nefndir og ráð
- h) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara

- i) lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- j) önnur mál

Fundarstjóri skal sjá um að aðalfundur fari fram eftir ákvæðum þessara laga og almennum fundarsköpum.

**Lagt er til í b) lið að formaður leggi fram skýrslu félagsins og að liður d) og e) verði felldir út.** Greinin verður þá svohljóðandi:

Þessi eru skyldustörf aðalfundar:

- a) kosnir starfsmenn fundarins
- b) formaður leggur fram skýrslu félagsins
- c) gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga félagsins til afgreiðslu og gerir grein fyrir fjárhag þess
- d) lagabreytingar
- e) kosning í stjórn, nefndir og ráð
- f) kosning tveggja skoðunarmanna reikninga félagsins og eins til vara
- g) lögð fram fjárhagsáætlun næsta árs og félagsgjöld ákveðin
- h) önnur mál

Fundarstjóri skal sjá um að aðalfundur fari fram eftir ákvæðum þessara laga og almennum fundarsköpum.

# Tillögur kjörnefndar í stjórn, nefndir og ráð fyrir 2009 –2011

## Sitjandi (2008-2010)

## Til kjörs (2009-2011)

### Stjórn

Salóme Þórisdóttir **formaður**  
Huldís Franksdóttir  
Bryndís Guðmundsdóttir  
Guðlaug Valgeirsdóttir

Sigríður Rut Hilmarsdóttir  
Valborg Helgadóttir  
Laufey Gissurardóttir

### Útgáfuráð

Steinunn Rósa Guðmundsdóttir  
Rakel Hrund Ágústsdóttir

Helga Elísabet Gunnlaugsdóttir  
Anna Björg Arnarsdóttir (í 1 ár)  
Kristrún Sigurjónsdóttir  
Ólöf Haflína Ingólfssdóttir

### Fagrað

Helga Birna Gunnarsdóttir  
Ósk Unnarsdóttir

Bjargey Una Hinriksdóttir  
Ingibjörg Gísladóttir  
Ágústa Ólafsdóttir

### Laganefnd

Ragnhildur Sigurðardóttir  
Guðný Sigurjónsdóttir

Ástríður Erlendsdóttir  
Eyrún Magnúsdóttir  
S. Katrín Eyjólfssdóttir

### Kjörnefnd

Dóra Ingimarsdóttir  
Hrafnhildur Lára Þórðardóttir

Herdís Hersteinsdóttir  
Jenný Þórkatla Magnúsdóttir  
Hanna B. Hreiðarsdóttir

### Skoðunarmenn reikninga kosnir árlega

Jóhanna Margrét Árnadóttir  
Þórhildur Garðarsdóttir  
Þórunn Böðvarsdóttir til vara

### Fulltrúar sem stjórn tilnefnir

#### **Siðanefnd**

Árni Már Björnsson (2007-2010)  
Anna Lilja Magnúsdóttir (2008-2011)  
Signý Þórðardóttir (2009 – 2012)

#### **Varamenn**

Guðný Stefánsdóttir (2007-2010)  
Þorbjörg Garðarsdóttir (2008-2011)  
Sigríður Daníelsdóttir (2009-2012)

**Fulltrúi ÞÍ í Landsamtökunum Þroskahjálp verður skipaður á fyrsta fundi nýrrar stjórnar**

## Fjárhagsáætlun fyrir árið 2009

Gert er ráð fyrir að félagsgjöld verði  
1,5 % af dagvinnulaunum

Stéttafélagsgjöld	26.000.000.-	
Fagfélagsgjöld	<u>150.000</u>	
	<b>26.150.000.-</b>	
<b>Launakostnaður</b>		
Launagreiðslur	9.700.000.-	
Launatengd gjöld	<u>2.200.000.-</u>	
	<b>11.900.000.-</b>	
<b>Húsnæðiskostnaður</b>		
Sameiginlegur rekstur í Borgartúni	1.100.000.-	
Afborgun láns vegna húsnæðiskaups.	<u>440.000.-</u>	
	<b>1.540.000.-</b>	
<b>Eignakaup</b>		
Húsgögn	<u>200.000.-</u>	
	<b>200.000.-</b>	
<b>Annar kostnaður</b>		
Fundir og ferðir innanlands	3.000.000.-	
Erlent samstarf	700.000.-	
Dagbækur fyrir félagsmenn	800.000.-	
Þroskþjálfinn	1.200.000.-	
Gjafir og styrkir	100.000.-	
Þroskahjálp	270.000.-	
Sjóðir	1.000.000.-	
Sérfræðikostnaður	2.000.000.-	
Rekstur á skrifstofu,	<u>500.000.-</u>	
	<b>8.565.000.-</b>	
<b>Félagsgjöld til BHM</b>		<b>2.800.000.-</b>
	<hr/>	
	<b>26.150.000.-</b>	<b>26.010.000.-</b>